



Efni: Heimild til að hefja greiningarverkefni í tengslum við rafrænar beiðnir

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja greiningarverkefni í tengslum við rafrænar beiðnir.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON og tilheyrir verkefnaklasa 80018 Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá 15. janúar 2024 til 1. mars 2024 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 10 m.kr., þarf að tilheyra 10 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,

Óskar Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Greinargerð:

Með verkefninu „rafrænar beiðnir“ er stefnt að því að útrýma beiðnabókum fyrir tilfallandi innkaup starfsfólks Reykjavíkurborgar og meta þarfir sem tengjast stafrænni lausn þar sem tryggð er heimild til innkaupa og að hægt sé að minnka handavinnu við stemmingu rafrænnar beiðnar við rafrænan reikning í fjárhagskerfi Reykjavíkurborgar.

Beiðnabækur eru notaðar hjá Reykjavíkurborg fyrir tilfallandi innkaup. Starfsmaður þarf að fá beiðni afhenta frá yfirmanni, fylla út beiðnina, afhenda hana til birgja sem þarf í kjölfarið að hengja hana á reikning og senda aftur til baka til Reykjavíkurborgar til að fá greitt. Þetta ferli er flókið, tímafrekt og ekki nægilega öruggt. Auk þess inniheldur það mikla pappírsvinnu og handtök. Tækifæri er til að finna stafræna lausn sem gerir ferlið öruggara, skilvirkara og einfaldara fyrir alla aðila.

Ávinningurinn felst í minni handavinnu við stofnun beiðna og bókun reikninga í fjárhagskerfi, auknu gagnsæi og yfirsýn, tryggingu heimildar fyrir kaupum fyrir fram sem lágmarkar líkur á misnotkun, hagræðingu í rekstri og minnkun kolefnisfótspors við útgáfu pappírabeiðnabóka. Um 70-80% reikninga sem berast Reykjavíkurborg koma á rafrænu formi. Ef ekki verður unnið í að fækka þessum síðustu 20-30% sem berast á pappír í tengslum við pappírabeiðnir, viðhelst óreiða í innkaupum þar sem yfirsýn bókhalds yfir það sem gefin er heimild fyrir í tengslum við beiðnir er ekki tryggð.


Markmið verkefnisins eru í samræmi við eftirfarandi stefnumótun:

- Græna planið er lýtur að stafrænni umbreytingu.
- Fjárfestingarstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030: Að fjárfesting í stafrænni umbreytingu skili rekstrarhagræðingu þegar fram í sækir og áhersla verði lögð á aukna hagkvæmni í innkaupum.
- Innkaupastefnu Reykjavíkurborgar: Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar. Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 10 m.kr. Hér er einungis áætlaður kostnaður sem snýr að umbreytingarhluta verkefnisins en greiningin er forsenda undirbúnings fyrir útboð. Gerð verður ný fjárheimild fyrir verkefnið eftir uppgötvunar- og greiningarvinnu sem lýkur 1. mars 2024.

Kostnaðarstaður: 2102 Áhöld, tæki og hugbúnaður PON. Verkefnaklassi 80014 Stafræn umbreyting og rafvæðing ferla.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu þjónustu og umbreytinga